

| | |
|---------|------------------|
| | Hafnarfjarðarbær |
| Innk: | 6.6.2017 |
| Málsnr: | 0704123 |
| Bréfsl: | 512 |

Garðabær, 01. júní 2017
2017050035/42-0
LÁ, TB
jgo/tb

Deiliskipulag fyrir Kaldársel, Kaldárbotna og Gjárnar í Hafnarfirði, umsögn

Vísað er til bréfs frá Hafnarfjarðarbæ, dags. 18. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag fyrir Kaldársel, Kaldárbotna og Gjárnar í Hafnarfirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir deiliskipulagið og telur það í flestum atriðum vera til bóta og tími til kominn að festa í sessi skipulag fyrir þetta svæði. Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir og ábendingar:

- Náttúrufræðistofnun telur til bóta að flytja bílastæði og setja upp þjónustu fyrir utan grannsvæði vatnsverndar. Eðlilegt er að hafa byggingarreiti L2 og L3 utan við mörk náttúruvættisins Kaldárhraun og Gjárnar en nægt landrými er til þess.
- Í deiliskipulaginu er talað um allt að 75 bílastæði en á skýringaruppdráttum eru sýnd 53 bílastæði.
- Í kafla 3.3.3. segir að eldhraun njóti sérstakrar vernda skv. 57. gr. laga um náttúruvernd en á að vera 61. gr. laganna.
- Í kafla 6.5 segir að á byggingarreit L5 verði reist 500 m² stálgrindarhús undir neyðarlager, allt að 6 m hátt. Gera má ráð fyrir að lagerinn verði áberandi í landslaginu við Kaldárbotna og því full ástæða til að gera kröfu um að húsið lagi sig að svipmóti lands en stingi ekki stúf við umhverfið. Taka þarf á þessu í deiliskipulaginu.
- Ef gengið er meðfram Kaldárhrauni, sérstaklega vestast og norðan megin i hraunjaðrinum, er búið að planta framandi trjátegundum víða þétt við hraunið. Innan nokkurra ára munu þessi tré hylja ásýnd hraunsins, sérstaklega hraunjaðarsins. P.e. hylja þá jarðmyndun sem verið er að vernda. Þetta hlýtur að vera handvömm af hálfu þeirra sem hafa leyfi til að planta á þessu svæði því skógræktarmenn ættu öðrum fremur að gera sér grein fyrir því að tré vaxa. Náttúrufræðistofnun leggur til að þessi tré verði fjarlægð strax svo þetta vandamál verði leyst áður en til vandræða horfir. Skógrækt þarna er í andstöðu við friðlýsingarskilmála um verndun helluhraunsmyndunar. Rétt er því að skipulagið taki sérstaklega á þessu vandamáli þ.e. að það sé tekið fram að framkvæmdir eða aðrar aðgerðir sem skemma ásýnd á þær jarðminjar sem verið er að vernda séu óheimilar.



- Mikilvægt er að halda öllu raski innan friðlýstra svæða og á eldhraunum, sbr. 61. gr. laga um náttúruvernd, í lágmarki.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

